

FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

Fundur nr. 1834

Ár 2010, þriðjudaginn 2. mars kl. 16:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Anna S. Jörundsdóttir, Baldur S. Einarsson, Gunnar Hallsson og Elías Jónatansson, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Fundargerðir frá 4. nóv. 2009, 6. jan. og 2. feb. 2010 lagðar fram til kynningar.
10 02 025

Kynnt.

2. Bréf til vegamálastjóra.

Bréf bæjarstjóra dags. 28. 12. 2009 til Vegamálastjóra varðandi malbik á veg frá gangamunna að Bolungarvík, vegabætur á Syðridalsvegi að Reiðhjallavirkjun og bundið slitlag frá mörkum slitlags á Þjóðólfsvegi fram fyrir vatnsból í Hlíðardalsá.
09 12 031

Kynnt.

3. Bréf frá vegamálastjóra.

Svarbréf vegamálastjóra, dags. 16. febrúar 2010 við bréfi bæjarstjóra sbr. lið 2.
09 12 031

Kynnt.

4. Staðfesting aðalskipulags og framkvæmdaleyfi vegna lagningar háspennujarðstrengs í Bolungarvík.

Bréf frá Landsneti, dags 16. febrúar 2010 varðandi ofangreint.
08 09 010

Erindinu vísað til umhverfismálaráðs.

5. Fundargerð heilbrigðisnefndar 19. febrúar 2010.

10 02 028

Kynnt.

6. Fundur með EFS 23. febrúar 2010.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundi sem hann átti með Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga ásamt Baldri S. Einarssyni, bæjarfulltrúa.

Fundi slitið kl. 17:35.

Anna S. Jörundsdóttir

Baldur S. Einarsson

Gunnar Hallsson

Elías Jónatansson

